

Umboðsmenn Íslenskrar tungu

Frá Haraldi Haraldssyni

PEIR stíga á svið nemendur í sjö-
undu bekkjum grunnskólanna og
lesa upp íslenskan texta í bundnu
sem óbundnu máli. Þeir stíga á svið
þessa dagana einn af öðrum hver í



Haraldur
Haraldsson

sinni lokakeppni,
hver í sínu héraði.
Þeir eru fagurt
vitni um glæsi-
lega kynslóð sem
vill varðveita
þjóðararfinn sinn.
Þeir ætla ekki að
týna honum niður
né glata lyklinum
að auðæfunum,
íslenskri tungu.

Ég er þeirrar
gæfu aðnjótandi að fá að fylgjast ár
hvert með nemendum mínum
spreyta sig í Stóru upplestrarkeppn-
inni. Fyrst er aðdragandi, svo hefst
hún formlega á degi íslenskrar
tungu, þá eru æfingar, forkeppni í
skólanum og að endingu lokakeppn-
in í héraði. Þessu ferli mætti líkja við
íslenska dragá. Hún á rætur í tærri
uppsprettu á íslenskri heiði eða við
fjallsrætur. Í hana renna svo ótal ár-
sprætur og lækir er mynda ört
stækkandi elfur sem rennur að lok-
um að sínum ósi með tilheyrandi
þunga. Allir þekkja þá hljóma sem
vatnið myndar við ferðalagið um gil
og gljúfur, dali og strendur.

Nú er komið að lokahátíð Stóru
upplestrarkeppinnar í dag í Hafn-
arfirði. Þar munu nemendur úr
grunnskólum Hafnarfjarðar og
Alftanesskóla lesa brot úr skáld-
verki og ljóð. Auk þess koma fram
ungir hljóðfæraleikarar og er áætlað
að athöfnin standi í tvær klukku-
stundir. Skáld keppinnar að þessu
sinni eru Ármann Kr. Einarsson og
Þorsteinn frá Hamri.

Við athöfnina verða einnig til-
kynnt úrslit í smásagnasamkeppni
8.-10. bekkja og veittar viðurkenn-
ingar. Eftt var til samkeppni um
boðskort meðal nemenda í 6. bekkj-

um í grunnskólum Hafnarfjarðar.
Verðlaunamynd prýðir boðskort
sem sent var út í tilefni keppinnar
og verða veitt verðlaun fyrir hana á
hátíðinni.

Stóra upplestrarkeppnin hefur
fest sig í sessi. Hún er einn af árleg-
um viðburðum gróskumikils menn-
ingarlífs. Til hennar er sáð af kær-
leika og kostgæfni enda uppskeran
ríkuleg. Að verkefninu standa Radd-
ir sem eru samtök um vandaðan
upplestur og framsögn en í þeim eru
Heimili og skóli, Íslensk málnefnd,
Háskóli Íslands menntasvið, Rithöf-
undasamband Íslands, Samtök móð-
urmálskennara og Samtök forstöðu-
manna almenningsbókasafna, í
samvinnu við skólaskrifstofur, skóla
og kennara á hverjum stað.

Uppspretta Stóru upplestrar-
keppinnar er í Hafnarfirði og við
njótum góðs af því að einn af frum-
kvöðlum keppinnar, Ingibjörg Ein-
arsdóttir skrifstofustjóri á skóla-
skrifstofu Hafnarfjarðar, starfar
enn með okkur að verkefninu. Eins
hefur hún verið talsmaður og virk í
útbreiðslu keppinnar um byggðir
landsins. Ég er fullviss um að sú
virðing sem ungir jafnt sem aldnir
bera fyrir keppninni er henni ekki
síst að þakka. Tign og fegurð á við
um allar lokakeppnir sem gjarnan
fara fram í kirkjum, í sýningarsölum
eða virtustu samkomuhúsum hvers
byggðarlags. Forseti Íslands ásamt
bæjarstjóra og fulltrúum bæjar-
stjórnar sitja lokakeppni í Hafnar-
borg og taka á tíðum þátt í dag-
skránni.

Þessa dagana lesa nemendur í sjö-
undu bekkjum grunnskólanna fyrir
okkur íslensk bókmenntaverk og
ljóð, hverjir í sínu héraði. Við skul-
um gefa þeim gott hljóð og njóta
þess að hlusta, því þeir eru umboðs-
menn íslenskrar tungu.

HARALDUR HARALDSSON,
skólastjóri Lækjarskóla í Hafnar-
firði og formaður Félags skóla-
stjórnenda á Reykjanesi.

